

# MAÍUSMEKKUR

## FLJÓTHEKLAÐUR OG EINFALDUR

*Elin Guðrúnardóttir*



### GARN:

[Mirabela bómullargarn](#), keypt í Handprjón.

Ein dokka dugar í 3-4 smekki.

**HEKLUNÁL:** 3 mm

Það sem mér finnst best við að nota Mirabel garnið í þessa smekki er hversu auðvelt er að þrifa smekkinn. Eftir hverja máltíð hjá Maíu skola ég af smekknunum í vaskinum, legg hann til þerris og hann er tilbúinn til notkunar fyrir næstu máltíð. Reglulega hendi ég smekkjunum í þvottavélina og eftir þvott eru þeir jafnvel betri en áður.

## LESIST ÁÐUR EN BYRJAD ER AÐ HEKLA:

Þegar ég heklaði þennan smekk brá ég aðeins út af vananum á tvennan máta.

1. Í stað þess að hekla í loftlykkjurnar eins og ég geri vanalega þá heklaði ég í hnúðana aftan á lykkjunum. Með því að gera það verður kanturinn á heklinu fallegri, sérstaklega þegar böndin eru gerð. Til þess að sjá hvernig þetta er gert kíktu þá á [þetta myndband](#).
2. Ég gerði ekki 3 loftlykkjur í byrjun hverrar umferðar, ég vildi nefninlega ekki fá þessi göt sem myndast þegar það er gert. Í staðin gerði ég svokallaðan upphafsstuðul. Alger snilld.

Til þess að sjá hvernig þetta er gert kíktu þá á þetta [myndband](#).

Ef þér líst ekkert á þennan upphafsstuðul þá er líka hægt að gera 2 loftlykkjur í byrjun umferðar og stuðul í fyrstu lykkjuna sem venjulega væri sleppt, þessar 2 loftlykkjur eru svo bara hunsaðar þegar næsta umferð er heklud.

## SMEKKURINN:

L = lykkja, LL = loftlykkja, FP = fastapinni, ST = stuðull, UST = upphafsstuðull, sl. = sleppa

Fitjið upp 30 LL

**1. umf:** Heklið 1 ST í 4. LL frá nálinni, 1 ST í næstu 12 L, 3 ST í næstu L, 1 ST í næstu 13 L. Þessar 3 LL sem sleppt er í byrjun umferðar teljast EKKI sem 1 ST.

**2. umf:** Heklið UST, 1 ST í næstu 13 L, 3 ST í næstu L, 1 ST í næstu 14 L.

**3.-12. umf:** Haldið áfram að hekla stuðla fram að miðjulykku, í hana eru alltaf heklaðir 3 st. Stuðlunum fjölga um 2 í hverri umferð. Í lok 12. umferðar eru 46 ST.



© Handverkskunst

Til þess að stækka smekkin þá bætir þú við 4 stuðlum á móti hverjum 2 auka umferðum.

## KANTUR OG BÖND:

Byrjað er í miðjulykkju 12. umferðar, þar er heklaður 1 FP og 1 FP í hverja L að horni, í hornið eru heklaðir 2-3 FP, FP heklaðir meðfram smekknunum, ég gerði 2 FP í hliðina á hverjum ST, þegar búið er að hekla meðfram smekknunum er fyrri bandið gert, heklið 60 LL og FP aftan í hnúðinn á hverri L til baka, þegar niður er komið er heklað aftur í smekkin, FP í hverja L fram að miðlykkju, henni er sleppt. Heklið alveg eins hinn helminginn af smekknunum, lokið umferðinni með FP í sömu L og byrjað var.

Ef þú vilt gera breiðari kant skaltu hekla tvær umferðir af fastapinum, böndin eru þá hekluð í seinni umferðinni, í fyrri umferðinni eru þá heklaðir 2-3 fastapinnar í öll fjögur hornin á smekknunum.



Þegar smekkurinn er tilbúinn er hann soldið krumpaður. Fyrstu smekkina sem ég gerði mótaði ég með að títa niður. Eftir því sem ég fór að nota þá komst ég að því að ég gat einfaldlega bleytt upp í þeim og lagt þá til þerris. Mjög einfalt og þægilegt.

**VONA AÐ ÞÉR LÍKI JAFN VEL VIÐ ÞESSA SMEKKI OG MÉR ☺**